

Könnun lögð fyrir foreldra nemenda í Hofsstaðaskóla í nóvember/desember 2011

Könnun um ýmsa þætti skólastarfsins var lögð fyrir foreldra nemenda í Hofsstaðaskóla í nóvember/desember 2011. Svar barst frá 244 foreldrum, sem er frá 57% nemenda. Móðir svaraði könnuninni í 95,6% tilfella, faðir í 2,4% tilfella og báðir foreldrar í 2% tilfella. Svörun var mismikil milli árganga en minnst í 6. og 7. bekk. Könnunin var stutt en það tók aðeins fimm mínútur að svara henni. Foreldrum gafst einnig tækifæri á að svara opnum spurningum um það sem vel er og gert og það sem betur má fara.

Hægt er að skoða niðurstöður úr könnuninni í heild á slóðinni:

<http://www.hofsstadaskoli.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=157524>

Á heildina lítið eru foreldrar mjög ánægðir með skólann. 95,18% foreldra eru mjög sammála eða frekar sammála um að skólabragur í Hofsstaðaskóla sé góður og 92,8% telja að barnið þeirra fái nám við hæfi. Foreldrar eru ánægðir með viðmót starfsmanna í skólanum en um 90% foreldra eru mjög sammála eða frekar sammála þeirri fullyrðingu. 93,3% foreldra eru mjög sammála eða frekar sammála því að þeir geti mælt með Hofsstaðaskóla við aðra foreldra. 84% foreldra eru mjög sammála eða frekar sammála því að barninu þeirra líði vel í frímínútum.

Varðandi heimanám eru skiptar skoðanir eins og oft áður, en í opnum spurningum er þó nokkuð oft minnst á heimanám, annað hvort að það sé of mikið eða of lítið. Í könnuninni eru 76,8% foreldra mjög sammála eða frekar sammála að heimanámið sé hæfilegt sem er svipað og í könnunum undanfarin ár.

Spurt var hvort foreldrar telji sig fá nægar upplýsingar um námslega stöðu barnsins en 82,07% eru mjög sammála eða frekar sammála og 8,75% eru hvorki sammála né ósammála.

Foreldrar voru ennfremur spurðir hvort þeir fengju nægar upplýsingar um félagslega stöðu barnsins. Svarið við þeirri spurningu sker sig úr en aðeins 59,76% foreldrar eru mjög sammála eða frekar sammála þessari fullyrðingu. Þessi niðurstaða gefur okkur tilefni til að fara yfir hvers konar upplýsingar um félagslega stöðu barnsins foreldrar telja sig þurfa og með hvaða hætti það væri best að miðla þeim. Ýmsar upplýsingar liggja fyrir í tengslum við félagslega stöðu nemenda m.a. niðurstöður úr tengslakönnun sem lögð er fyrir nemendur í október. Umsjónarkennarar og námsráðgjafi fylgjast auk þess vel með stöðu nemenda og vinna markvisst að því að skapa jákvæð samskipti og góðan skólabrag.

Foreldrar sem eiga börn í Regnboganum voru spurðir þriggja spurninga um líðan barnsins og viðmót starfsmanna. 140 börn eru skráð í Regnbogann. Dvalartími þeirra er mislangur. 35,86% foreldra eða 88 sem svaraði könnuninni á barn/börn í Regnboganum.

86,05% foreldra eru mjög sammála eða frekar sammála um að barninu þeirra líði vel í Regnboganum, 91,86% eru mjög eða frekar sammála um að þeir eigi góð samskipti við starfsfólkið í Regnboganum og 91,86% foreldra eru mjög sammála eða frekar sammála um að viðmót starfsfólks í Regnboganum sé gott.

Foreldrum gafst kostur á að nefna 3 atriði sem þeir eru ánægðir með í skólanum og þrjú atriði sem þeir telja að betur megi fara. Foreldrar telja upp mörg atriði sem þeir eru ánægðir með í skólanum, t.d. að hér sé gott starfsfólk með hlýlegt viðmót, að hér ríki góður agi, og mikill metnaður, að verkefni

séu fjölbreytt, að list- og verkgreinar séu kenndar í öllum árgöngum og enska sömuleiðis. Þeir telja að upplýsingaflæði sé gott og að skólabragur sé jákvæður. Minnst er á að gott sé að hafa öflugt foreldrafélag eins og hér er. Foreldrar eru ánægðir með fjölgreindaleikana og telja að aðbúnaður nemenda sé góður.

Það sem foreldrar telja helst að betur megi fara er t.d. maturinn og/eða matsalurinn og frímínútur. Foreldrar telja heimanám ýmist of mikið eða of lítið. Einhverjum finnst skipt of oft um umsjónarkennara og að atburðir utan kennslutíma séu of margir t.d. bekkjarkvöld og skipulagðar heimsóknir. Minnst er á að vinnufriður mætti vera betri, en það er í samræmi við það sem fram kemur hjá nemendum sem svara spurningum í Skólapúlsinum og í öðrum könnunum sem lagðar hafa verið fyrir foreldra og nemendum. Öðrum finnst að agi megi vera meiri og umburðarlyndi gagnvart drengjum sé ekki nógu mikið.

Í desember 2011

Margrét Harðardóttir skólastjóri